

Breytingartillaga

við tillögu til þingsályktunar um eflingu græna hagkerfisins á Íslandi.

Frá atvinnuveganefnd.

1. Í stað tímasetningarinnar „2012“ í 1., 3.–5., 7.–13., 15.–23. og 25., 26., 28., 29., 31.–43., 45.–48. tölul. 3. mgr. komi: 2013.
2. Í stað tímasetningarinnar „2013“ í 6. og 27. tölul. 3. mgr. komi: 2014.
3. Í stað tímasetninganna „2012“, „2013“ og „2014“ í 14. tölul. komi: 2013; 2014; og: 2015.
4. Í stað tímasetningarinnar „2011“ í 24. tölul. 3. mgr. komi: 2012.
5. Efnismgr. 43. tölul. orðist svo:
Tekjum sem jafngildi hækkun kolefnisgjalds samkvæmt lögum nr. 164/2011 verði ráðstafað til verkefna sem stuðla að orkuskiptum og orkusparnaði í samgöngum. Við þá ráðstöfun verði jöfnun möguleika íbúa landsins til orkuskipta og orkusparnaðar höfð sérstaklega í huga.
6. Á eftir 47. tölul. komi tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:
 48. Unnið verði að framgangi skógræktar og vistheimtar með sjálfbæra nýtingu og bindingu kolefnis að leiðarljósi. Unnar verði skógræktar- og vistheimtaráætlanir til 20 ára þar sem samræmdar verði fyrri áætlanir og unnið út frá þeim markmiðum að efla úrræði til stöðvunar gróðureyðingar og auka skóga og skapa með því sjálfbærar auðlindir.
Ábyrgð: Umhverfissráðuneytið.
Tímasetning: 2013.
 49. Stutt verði við verkefni sem stefni að sjálfbærri orkunýtingu í íslenskum landbúnaði og/eða framleiðslu orku úr hráefni sem verður til við landbúnaðarframleiðslu og á landbúnaðarjörðum.
Ábyrgð: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti.
Tímasetning: 2013.